

85  
12. sept.

## Reglugjörð

um

### **lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.**

#### 1. gr.

Stofnfje sjóðsins er styrktarsjóður barnakennara eins og hann nú er og skal fje þetta afhent umsýjónarmönnum lífeyrissjóðsins eigi síðar en 1. desbr. 1921.

#### 2. gr.

Hver barnakennari, karl eða kona, sem laun tekur eftir launalögum barnakennara, er skyldur til að kaupa lífeyri í sjóðnum handa sjer og maka sínum, með því að greiða í sjóðinn 7% af árslaunum sínum.

Settir kennarar greiða ekkert í sjóðinn, enda fá hvorki þeir nje makar þeirra lífeyri úr honum. Undantekningu frá þessu má þó gera um þá barnaskólakennara, er voru settir skólaárið 1920—1921, að því er snertir tímabilið frá 1. jan. 1921 og um alla barnakennara, er settir hafa verið skólaárið 1921—1922.

#### 3. gr.

Iðgjöld þau, er ræðir um í 2. gr., greiðast af föstum launum, hvort sem þau eru greidd úr ríkisjóði eða eigi, en ekki af dýrtíðaruppþót eða öðrum hlunnindum, svo sem ókeypis bústað.

#### 4. gr.

Iðgjöldunum skal ríkisfjehirðir halda eftir af launum kennara með  $\frac{1}{12}$  mánaðarlega fyrirfram, ef launin eru greidd á þann hátt, en ella um leið og greitt er. Fjármáladeild stjórnarráðsins er þó heimilt að víkja frá þessu ef sjerstaklega stendur á. Öllum iðgjöldum, sem ógreidd kunna að vera frá árinu 1921, skal halda eftir af launum hlutaðeiganda í síðasta lagi 1. desbr. það ár.

#### 5. gr.

Lífeyrissjóðurinn er undir yfirumsjón fjármálaráðherra, en reikningshald hans annast fræðslumálastjóri og einn af kennurum barnaskóla Reykjavíkur, sem fjármálaráðherra tilnefnir til 5 ára í senn. Reikning sjóðsins skal birta árlega í B deild stjórnartíðindanna og skal hann endurskoðaður af hinni umboðslegu endurskoðun.

#### 6. gr.

Iðgjöld þau til sjóðsins, sem ríkisfjehirðir heldur eftir, skulu mánaðarlega greiðast reikningshöldurum sjóðsins gegn kvittun, og við hver árslok skulu þeir gefa ríkisfjehirði aðal-kvittun fyrir öllu því, er þeir hafa veitt viðtöku á árinu.

## 7. gr.

85

12. sept.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbankanum að því leyti sem hann geymist í peningum. Heimilt er með samþykki fjármáladeildar að kaupa verðbrjef handa sjóðnum, ef þau verða að teljast fulltrygg og sjóðurinn hagnast við það á vöxtum eða gengi, en þó má eigi meira kaupa af verðbrjefum en svo, að zetla megi, að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt handbært fje til lögboðinna greiðslna.

## 8. gr.

Kennari, sem greitt hefur iðgjald í sjóðinn, á kröfu á lífeyri úr honum, þegar svo stendur á sem hjer segir:

- a. Þegar hann er leystur frá starfinu sökum elli eða varheilsu.
- b. Þegar hann er leystur frá starfinu sökum þess að hann er orðinn 70 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár.
- c. Þegar starf hans verður óþarft sökum breytingar á fræðsluhjæraði eða skólahjæraði áður en hann er 70 ára og hann fer ekki í aðra kennarastöðu, en lætur iðgjöld sín standa inni í sjóðnum, án þess að taka lífeyri þar til hann hefur náð sjötugs aldri.

Þegar kennari lætur af starfi sínu af öðrum ástæðum en hjer eru taldar, fær hann engan lífeyri úr sjóðnum og ekkert endurgreitt af iðgjöldum sínum, nema ef starf hans er lagt niður, því að þá á hann, ef hann fer ekki í aðra kennarastöðu, kröfu á iðgjöldum þeim, er hann hefir greitt, vaxtalaust og afdráttarlaust, ef hann kýs eigi heldur að láta þau standa inni í sjóðnum þar til hann er 70 ára, sbr. c-lið þessarar greinar.

## 9. gr.

Maki kennara, sem notið hefir eða átti rjett til lífeyris úr sjóðnum, á að honum látnum kröfu á lífeyri, nema svo standi á sem hjer segir:

- a. að kennarinn var orðinn 60 ára, er hann kvongaðist eða giftist
- b. að hjónabandið var stofnað meðan kennarinn lá banaleguna
- c. að hjónabandið var stofnað eftir að kennarinn var leystur frá starfi sínu, eða
- d. að hjónabandinu var gersamlega slitið áður en hann dó.

## 10. gr.

Lífeyrir kennara er  $25\frac{0}{100}$  af launum þeim samanlögðum, sem hann hefir greitt iðgjald af í sjóðinn og  $\frac{1}{4}$  hluta þeirra launa, sem hann hefir greitt iðgjald af í styrktarsjóð barnakennara. Lífeyririnn má þó aldrei fara fram úr  $\frac{3}{4}$  hámarkslauna þeirra, er kennarinn hefir haft.

Lífeyrir maka kennara er  $\frac{1}{5}$  af byrjunarlaunum kennarastöðu, sem kennarinn hafði þegar hann ljest eða þeirrar, sem hann fjekk lausn frá.

## 11. gr.

Rjettur maka kennara til lífeyris fellur burt:

1. Ef hann giftist eða kvongast á ný.
  2. Ef hann tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
  3. Ef hann hirðir eigi lífeyririnn í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.
- Er maki kennara missir lífeyrir af því að hann giftist eða kvongast af nýju á hann

85 rjett á að fá hinn sama lífeyri, ef hann verður ekill eða ekkja í annað sinn. Þó getur eng-  
12. sept. inn haft lífeyri nema eftir einn maka.

## 12. gr.

Sá, sem telur sig hafa rjett til lífeyris úr sjóðnum, skal um það rita brjef til fjármáladeildar og þar skýra frá hversu miklum lífeyri hann telur sig eiga kröfu á árlega, frá hvaða tíma og því öðru, er máli kann að skifta í þessu efni.

Að fengnum þessum skýrslum úrskurðar fjármáladeildin kröfuna, tilkynnir það hlutaðeiganda og sjer um að greiðsla fari fram samkvæmt því.

## 13. gr.

Lífeyrir greiðist með  $1/12$  mánaðarlega fyrirfram. Ef um litla fjárhæð er að ræða, má þó hafa gjalddagana færri og jafnvel greiða alt í einu lagi, ef mjög lítið er um að ræða.

## 14. gr.

Um sönnun fyrir áframhaldandi rjetti til lífeyris fer eftir reglum þeim, sem hingað til hefir verið fylgt um rjett til eftirlauna.

**Fjármáladeild stjórnarráðsins, 12. sept. 1921.**

**Magnús Guðmundsson.**

*Sigurjón Markússon.*